

Aðalfundur Slóðavina 9. Nóvember 2011

Haldinn kl 20:00 í húsnæði Artic trucks, Kletthálsi.

Auk sex manna stjórnar komu sautján félagar á aðalfundinn.

1. Setning fundar og dagskrá kynnt.

Formaður bauð félagasmenn velkomna, setti aðalfund og kynnti dagskrá.

2. Kostning fundarstjóra og fundarritara.

Ásgeir kjörinn fundarstjóri og Guðmundur Tryggvi fundarritari.

3. Skýrsla stjórnar.

Formaður flutti skýrslu stjórnar. Þrátt fyrir almennann samdrátt á flestum sviðum hélt félagið uppi fjölbreyttri dagskrá með ferðum og viðburðum fyrir byrjendur sem lengra komna. Auk hjólaferða heldur félagið ýmis námskeið, gerir fræðslumyndbönd, stóð fyrir prúttmarkað og stundar landgræðslu. Hagsmunagæsla ýmisskonar tók tíma stjórnarmanna ásamt ótal fundum er flestir ganga út á að skýra málsstað hjólamanna og halda uppi vörnum vegna boðaðra lokanna á vegum og slóðum.

Formaður vakti í lok athygli á því að haldið sé uppi öflugri hagsmunagæslu og leggur til að sú vinna verði borin áfram af fagaðilum eða þeim sem hafa fjárhagslega hagsmuni (t.d. umboðs og söluaðilar hjóla) af ferðamennsku á vélhjólum.

Skýrslan er í heild sinni á heimasíðu Slóðavina.

4. Umræða um skýrslu stjórnar

Engar umræður sköpuðust um skýrslu stjórnar.

5. Endurskoðaður ársreikningur 2011.

Reikningur yfirfarinn og skýrður. Greidd voru 158 félagsgjöld. Tekjur ársins voru 736 þúsund kr. Gjöld voru 593 þúsund krónur. Hagnaður ársins 143 þúsund krónur. Eignir eru 1.546 þúsund krónur, þar af handbært fé 1.335 þ.kr.

6. Umræða um ársreikning 2010.

Reikningar félagsin samþykktir með afgerandi athvæðum félagsmanna.

Kaffihlé.

7. Skýrslur nefnda.

Engar

8. Kjör stjórnar og varamanna

Laus eru sæti formans, tveggja stjórnarmanna og varamanns. Engin ný framboð komu fram á fundinum og var borin fram tillaga um endurkjör sitjandi stjórnar. Tillagan samþykkt samhljóða. Í stjórn eru Ásgeir formaður, Jakob gjaldkeri, Guðmundur ritari, Ari, Halldór, Stefán og Hjörtur varamaður.

9. Tillögur og lagabreytingar.

- a. Jakob kynnti tillögu að stofnun Ferðafrelsisjóðs og lög sjóðsins lögð til samþykktar. Lögin má sjá í heild sinni á spjallborði félagsins. Félagar lögðu fram spurningar og ábendingar. Tillaga að stofnun sjóð borinn upp og samþykkt með meirihluta félagsmanna, tveir félagar voru á móti stofnun sjóðsins. Tillögur komu fram Breytingar sem stjórn er falið að breyta fyrir næsta félagsfund.
 1. Að sitjandi sjórn sé stjórn sjóðsins. 2.gr
 2. Sjóðurinn sé vistaður á aðskildum bankareiking. 4.gr.
 3. Sjóðurinn má ekki úthluta meira en innistæðu á hverjum tíma. (sér grein)Samþykkt að breyta lögum sjóðsins fyrir næsta félgsfund.

10. Kjör tveggja skoðunarmanna.

Lúðvík og Steina kjörin skoðunarmenn félagsins.

11. Önnur mál

Formaður tók umræðu um heiðursfélaga Slóðavina, en stjórn ákvað að tilnefna ekki heiðursfélaga á þessum aðalfundi.

Formaður lagði til að félagsgjöld verði haldið óbreytt 4.500 kr á ári. Samþykkt með yfirgnæfandi fjölda atkvæða.

Fram komu tillögur um að reyna að ná til eldri félga.

Fram komu hugmyndir um nýtt fyrirkomulag ferða og auka þar með sjálfsstæði félaga.

Öryggismál félaga rædd og mikilvægi fararstjóra.

Stjórn þökkuð vel unnin störf á árinu.

Hugmynd kom fram um að auglýsa fjórhjólaferðir og tvíhjólaferðir í fjölmiðlum.

12. Fundarslit.

Fleira ekki gert og formaður sleit fundi kl 22:16.

Fundarritari: Guðmundur Tryggvi Ólafsson

Fundarstjóri: Ásgeir Ö. Rúnarsson